

Föstudaginn 2. júní 1995.

Nr. 188/1995.

Jón Kristján Ólafsson

(Steingrímur Pormóðsson hdl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Porvaldur Lúðvíksson)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. maí 1995, sem barst réttinum í dag ásamt kærumálgögnum. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 10. maí 1995, þar sem staðfest er fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila 17. febrúar 1995. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur sem og öll meðferð málsins fyrir héraðsdómi, en til vara, að fyrrnefnd aðfarargerð verði felld niður. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess, að aðfarargerðin verði felld niður að hluta og breytt á þá leið, að hún nái einungis til lægri fjárhæðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Jóni Finnbjörnssyni, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
